

Sp.

358. Tillaga til þingsályktunar

[142. mál]

um, að bifreiðar ríkisins verði auðkenndar.

Flm.: Jónas Árnason, Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að bifreiðar, sem kostaðar eru af ríkisfé, verði auðkenndar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt hér á Alþingi fyrir 7 árum, en fékkst ekki samþykkt. Þá fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð, sem enn mun í fullu gildi:

„Flestar opinberar stofnanir hafa til umráða sérstakar bifreiðar, kostaðar af almannafé. Er í sjálfu sér ekki nema gott eitt um slíkt að segja, því að enginn getur ætlað til, að í rekstri embætta frekar en á öðrum sviðum sé hægt að svara kröfum tímans um aukinn hraða án bíls. Hitt er verra, þegar einkabílar eru látnar sitja í fyrirrúmi fyrir embættisþörfum á þessu sviði, en slíks munu því miður dæmi og ekki allfá. Þannig hefur það komið fyrir, að bíll opinberrar stofnunar var hvergi nærri, þegar nauðsynlega þurfti á honum að halda, vegna þess að eiginkona forstjórans hafði fengið hann til að fara í búðir. Stundum sjást jafnvel bílar ríkisins bruna um fjarlægga landshluta með forstjóra, konur þeirra og börn í sumarleyfi. En þegar svo er komið, verður varla um það deilt, að bílar þessir eru farnir að svara næsta annarlegum kröfum um aukinn hraða, og öðrum en til var ætlaðt.

Misnotkun opinberra bifreiða ber að sjálfsögðu að skoðast sem hver önnur óráðvendni í meðferð opinbers fjár og nauðsynlegt að koma í veg fyrir hana. Með ofanskráðri tillögu er bent á leið til slíks: allar bifreiðar, sem reknar eru fyrir ríkisfé, verði merktar sérstaklega. Þessi háttur tíðkast víða um lönd, t. d. í einu nágrennalandi okkar, Svíþjóð, og þykir hafa gefið vel. Bifreiðar ríkisins eru með þessu settar undir eftirlit almennings, hver maður getur séð, hvar þær fara, og ráðamönnum þeirra þannig veitt það aðhald, sem ætti að fyrirbyggja, að þeir misnotuðu þær.“